



Sýslumannaráð

Viðtakandi:
Nefndasvið Alþingis

Selfossi, 26. maí 2023

153. löggjafarþing 2022-2023 Þingskjal 1528 – 980. mál

Frumvarp til laga um rafrænar skuldaviðurkenningar

UMSÖGN

Sýslumannaráð, f.h. sýslumanna, hefur kynnt sér fyrirliggjandi frumvarp til laga um rafrænar skuldaviðurkenningar. Sýslumenn láta efnið til sín taka vegna þess hlutverks sem þeir hafa að gegna við framkvæmd fullnustumála auk þess sem sýslumenn eru þinglýsingastjórar í hverju umdæmi. Frumvarp þetta var samið í samráði við stýrihóp um rafrænar þinglýsingar, þar sem sýslumenn hafa fulltrúa. Með frumvarpinu eru m.a. lagðar til breytingar á þinglýsingalögum nr. 39/1978, lögum um aðför nr. 90/1989 og lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991 og lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991. Miðast eftirfarandi umfjöllun einkum við framkvæmd fullnustumála. Sýslumenn hafa áður sent athugasemdir sínar á fyrri stigum meðferðar málsins, í samráðsgátt stjórnvalda og hefur verið tekið tillit til ýmissa ábendinga sem embættin höfðu þá fram að færa.

Sýslumannaráð tekur undir umfjöllun um tilefni og nauðsyn lagasetningarinnar enda miða tillögur sem í frumvarpinu eru fólgnar að því að efla stafræna þjónustu hins opinbera. Eru þær til þess fallnar að greiða leiðina frekar fyrir innleiðingu og framkvæmd rafrænna þinglýsinga og stafrænnar stjórnsýslu í breiðara samhengi. Að því sögðu hefur Sýslumannaráð eftirfarandi ábendingar.

Mikilvægi samráðs við sýslumenn við smíði reglugerðar

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sýslumenn geti fengið tímabundinn aðgang að upplýsingagátt að rafrænum skuldaviðurkenningum til að staðreyna efni rafrænnar skuldaviðurkenningar, og ráðgert að sett skuli nánari fyrirmæli í reglugerð um hvernig slíkum aðgangi skuli við komið. Mikið af verklagi sýslumanna yrði þá ákveðið með væntanlegri reglugerð.

Að mati Sýslumannaráðs er erfitt að leggja mat á hvernig framkvæmdinni verði háttáð fyrr en drög að reglugerð liggja fyrir, t.d. um hvernig rafrænum eintökum rafrænna skuldaviðurkenninga verður komið á framfæri við sýslumenn og starfsmenn embættanna, svo og um aðgang þeirra að upplýsingum í upplýsingagátt rafrænna skuldaviðurkenninga. Leggja ber áherslu á að nýta stafræna möguleika til að sækja skjöl úr rafrænum kerfum og milli kerfa. Þannig megi spara handtök og tíma.

Í frumvarpinu kemur fram að samráð muni fara fram um drög að fyrirhugaðri reglugerð. Það er afar jákvætt. Mikilvægt er að gæta að því að nægur tími sé veittur til slíks samráðs.

2. Breytingar á nauðungarsölulögum nr. 90/1991

Í frumvarpinu eru ráðgerðar breytingar á ákvæðum 2. tl. 1. gr. 6. gr., 3. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 11. gr. Ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við þær breytingar sem lagðar eru til á ákvæðunum. Hins vegar vilja sýslumenn koma á framfæri viðbótarbreytingartillögu á ákvæðum nauðungarsölulaga sem fer vel saman við áðurgreind markmið frumvarpsins.

Í 9. gr. laga um nauðungarsölu segir: „*Greiðsluáskorun skal send gerðarþola með ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða birt honum cf einum stefnuvotti.*“

Sérstaklega athygli vekur að þrátt fyrir hagræði af stafrænum lausnum sé enn gert ráð fyrir að greiðsluáskoranir séu birtar með ábyrgðabréfi, símskeyti eða stefnuvotti. Betur færi á því að lagaheimild væri til þess að birta greiðsluáskoranir með rafrænum hætti enda gerir frumvarpið ráð fyrir rafrænum samskiptum aðila.

Sýslumenn leggja því til eftirfarandi breytingu á 1. mgr. 9. gr. laga um nauðungarsölu og myndi ákvæðið því orðast svo:

Greiðsluáskorun skal send gerðarþola með ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða birt honum cf einum stefnuvotti. Greiðsluáskorun má einnig birta í miðlægu stafrænu pósthófi sjórvalda og í tilviki rafrænna skuldaviðurkenninga í upplýsingagátt rafrænna skuldaviðurkenninga. Frestur skv. 1. mgr. telst frá þeim degi sem gerðarþoli eða sá sem er löghæfur til að taka við stefnubirtingu fyrir hans hönd fær eintak greiðsluáskorunar í hendur eða birting hennar á sér stað

F.h. Sýslumannaráðs
Kristín Þórðardóttir,
formaður